



Nefndasvið Alþingis
Allsherjarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Umhverfisstofnun
Environment and Food Agency of Iceland

Suðurlandsbraut 24
IS - 108 Reykjavík, Ísland

© (+354) 591 2000
Fax (+354) 591 2010
umhverfisstofnun@ust.is
www.umhverfisstofnun.is

3. maí 2006
Skjalanúmer: 01
Tilvísun: UST20060400083/kg

Frumvarp til laga um Landhelgispæslu Íslands, 694. mál

Vísað er til erindis allsherjarnefndar, dags. 12. apríl sl., þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um frumvarp til laga um Landhelgispæslu Íslands, 694. mál.

Landhelgispæsla Íslands sinnir grundvallarhlutverki varðandi öryggi Íslands hvort sem er vegna náttúruvár ellegar vegna aðgerða af manna völdum og vegna þessa ber að vanda sérstaklega til verka þegar sett eru heildarlög um starfsemi hennar.

Umhverfisstofnun telur af þessum sökum mikilsvert að í frumvarpinu komi fram samræmi milli laga nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda, og laga um Landhelgispæslu Íslands. Þá bendir stofnunin á að ekki kemur skýrt fram í frumvarpinu hvað felist í öryggisgæslu á hafinu og ekki er getið um vaktstöð siglinga og hvernig henni og Landhelgispæslunni er ætlað að vinna saman.

Vísað er hér m.a. til skýrslu nefndar á vegum ríkisstjórnarinnar um öryggis- og varnarmál frá 1993 en þar er sérstaklega tilgreint að varnir gegn mengun hafsins og hvers konar mengunarslysum séu mikilsverð gæsla varanlegra öryggishagsmuna Íslands. Jafnframt kemur fram í greinargerð með frumvarpinu að ljóst sé að ekki sé unnt að fylgja eftir slíkri gæslu nema með virku eftirlit á vegum Landhelgispæslu Íslands. Umhverfisstofnun leggur því áherslu á að þessum mikilvægu verkefnum verði gert hærra undir höfði í frumvarpinu en nú er.

Í meðfylgjandi greinargerð er gerð grein fyrir athugasemdum sem Umhverfisstofnun gerir við einstakar greinar frumvarpsins. Óski allsherjarnefnd eftir ítarlegri umfjöllun stofnunarinnar um einstök atriði er stofnunin að sjálfsögðu reiðubúin til þess, sem og að senda fulltrúa sína á fund nefndarinnar.

Virðingarfyllst,

Davíð Egilsson
forstjóri

Kristján Geirsson
fagstjóri

Meðf.: Greinargerð – athugasemdir við frumvarp til laga um Landhelgispæslu Íslands, 694. mál
Afrit: Umhverfisráðuneytið

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarps til laga um Landhelgisgæslu Íslands, 694. mál

3. gr.

Umhverfisstofnun leggur til að *mengunarlögsaga* verði einnig sérstaklega tilgreind. Hugtakið er skilgreint í lögum nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda, en stofnunin telur það bæði skýrara að tilgreina hugtakið í lögnum og styrkja aðgerðir á starfssvæði Landhelgisgæslunnar.

4. gr.

Umhverfisstofnun bendir á að í skýringum með frumvarpinu er tekið fram að almennu mengunareftirliti verði sinnt sem hluta af almennri löggæslu. Einnig er bent á að í lögum nr. 33/2004 segir m.a. í 4. gr.: „Landhelgisgæsla Íslands, undir yfirstjórn dómsmálaráðherra, annast eftirlit með hafsvæðum umhverfis Ísland, jafnt úr lofti sem af sjó.“

Stofnunin telur, og vísar hér m.a. til skýringa með frumvarpinu, að mengunareftirlit á hafinu sé eitt af lögbundnum verkefnum Landhelgisgæslu Íslands sem önnur almenn löggæsla. Hér verður að mati stofnunarinnar að skilja milli hins almenna löggæslu- og viðbragðshluta Landhelgisgæslunnar og þess hluta þegar mengunarvaldur eða aðili í umboði hans vill kaupa aðstoð við hreinsun

Umhverfisstofnun telur mjög mikilvægt að almennt mengunareftirlit á hafsvæðunum umhverfis Ísland, jafnt úr lofti sem af sjó verði sérstaklega tilgreint í 4. gr. sem eitt af meginverkefnum Landhelgisgæslu Íslands. Leggur stofnunin til að 2. tl. 4. gr. verði orðaður sem hér segir:

„2. Löggæsla á hafinu, þ.m.t. fiskveiðieftirlit, eftirlit með mengun og aðstoð við löggæslu á landi í samvinnu við ríkislöggreglustjóra og lögreglustjóra.“

5. gr.

Umhverfisstofnun vísar til umfjöllunar um 4. gr. hér að framan. Umhverfisstofnun bendir á að skv. 19. gr. laga nr. 33/2004 ákveður stofnunin, eftir því sem fé fæst til á fjárlögum, uppbyggingu og endurnýjun á nauðsynlegum mengunarvarnabúnaði um borð í varðskipum Landhelgisgæslu Íslands. Eru því lagðar til eftirfarandi viðbætur við 4. tl. 5. gr.:

„Mengunarvarnir og mengunareftirlit á hafinu umfram það sem felst í almennu mengunareftirliti og viðbrögðum við mengun sbr. 4. gr.“

9. gr.

Umhverfisstofnun vísar til 15. gr. laga nr. 33/2004, en þar segir m.a.:

„Landhelgisgæslu Íslands er heimilt að grípa til íhlutunar og gera þær ráðstafanir sem taldar eru nauðsynlegar á hafsvæðinu innan mengunarlögsögu Íslands til að koma í veg fyrir eða draga úr hættu sem hafi eða ströndum stafar af bráðamengun. Í íhlutun felst m.a. yfirtaka á stjórn skips sé fyrirmælum Landhelgisgæslu Íslands ekki fylgt. Þetta gildir þó ekki um skip sem eru í rekstri erlendra ríkja og notuð í þjónustu ríkisvalds hlutaðeigandi ríkis við störf sem flokkast ekki undir verslunarviðskipti.“

Umhverfisstofnun leggur til að í frumvarpið verði þessari heimild bætt við í 9. gr.

III. kafli

Umhverfisstofnun leggur til að bætt verði við grein í III. kafla frumvarpsins, t.d. milli núverandi 14. og 15. gr. þar sem tilgreind verði hið mikilvæga hlutverk Landhelgisgæslu Íslands við eftirlit með mengun á hafsvæðinu umhverfis Ísland og í viðbrögðum við bráðamengun hafs og stranda, sbr. b-lið 14. gr. laga nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda. Orðalag greinarinnar gæti verið á þessa leið:

„15. gr.

Mengunareftirlit og viðbrögð við bráðamengun.

Landhelgisgæsla Íslands annast almennt mengunareftirlit með hafsvæðum umhverfis Ísland, jafnt úr lofti sem af sjó.

Landhelgisgæsla Íslands aðstoðar við viðbrögð við bráðamengun hafs og stranda í samræmi við skriflega aðgerðaáætlun og þjónustusamning þar að lútandi, sbr. lög um varnir gegn mengun hafs og stranda.“